

Skólavarðan

KENNARASAMBAND ÍSLANDS JANÚAR 2015



EFNISYFIRLIT

SKÓLAVARÐAN

JANÚAR 2015

1.TBL




Fyrstu dagarnir lofa góðu

Anna Rós Sigmundsdóttir hefur verið ráðin í starf lögfræðings hjá KÍ. Hún býr yfir margháttaðri reynslu og hlakkar til að vinna í þágu félagsmanna KÍ.



Viðhorf kennara og skólastjórnenda til starfshátta

Markmið TALIS er að safna áreiðanlegum og samannburðarhæfum gögnum sem geta nýst við að meta og móta starfsþróun kennarastéttarinnar.



Félagsmenn bera mikið traust til KÍ

Meirihluti félagsmanna KÍ er ánægður með þjónustu KÍ og ber traust til starfseminnar. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar viðhorfsskönnunar sem Capacent gerði fyrir KÍ.



Leikur að bókum

Í leikskólanum Urðarhóli í Kópavogi hafa tveir starfsmenn þróað nýjar leiðir við notkun barnabóka með það að leiðarljósi að örva sköpunarkraft og þjálfra læsi í viðum skilningi.



Gott veganesti út í lífið

Stóra upplestrarkeppnin er opin öllum 7. bekkjum og hefur að markmiði að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði.

Forsíðumyndina tók Völundur Jónsson í þelamerkurskóla.

Kennarasamband Íslands
Kennarahúsinu
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang ki@ki.is

Ritstjórar: Aðalbjörn Sigurðsson og Arndís Þorgeirsdóttir
Ábyrgðarmaður: Þórður Á. Hjalttested
Hönnun og umbrot: Kjarninn
Prófarkalestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir

ÁGÆTU FÉLAGSMENN

N

Nú í upphafi þorra óska ég ykkur öllum gleðilegs árs og vona að árið verði okkur gæfuríkt og til velfarnaðar. Það er hætta á að mánuðirnir framundan einkennist af óvissu og átökum á vinnumarkaði. Nánast allir kjarasamningar eru lausir eða við það að losna og margar stéttir horfa til þess að sækja sér verulegar kjarabætur eða leiðréttingar. Meðal annars er horft til nýgerðra kjarasamninga lækna í þessu sambandi, en samningar sem við kennarar gerðum í fyrra hafa einnig verið nefndir sem rök fyrir því að hægt sé að hækka laun ýmissa stétta langt umfram það sem stjórnvöld og atvinnurekendur segja að svigrúm sé til. Ljóst er að margar stéttir munu því ekki fá

það sem þær sækjast eftir án átaka.

Það gleymist alltof oft í þessari umræðu að í kjarasamningum kennara var verið að leiðrétta kjör stéttar sem nokkur ár í röð hafði dregist aftur úr öðrum sambærilegum hópum í launum. Sú leiðrétting náðist ekki fram fyrr en eftir átök. Aðrar kjarabætur koma til vegna mögulegra breytinga á vinnutíma og starfsumhverfi kennara en sá hluti kjarasamningsins verður útkljáður í atkvæðagreiðslu sem fram fer seinnipart febrúarmánaðar. Ég tel að samningar okkar á síðasta ári hafi verið hagstæðir og að mikilvægt sé að halda í þær kjarabætur sem þar náðust fram. Mikið starf er að baki við vinnumat grunn- og framhaldsskólakennara síðustu mánuði og hvet ég alla félagsmenn Félags grunnskólakennara, Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum að kynna sér vel þá niðurstöðu sem kynnt verður á næstu vikum.



**Þórður Á.
Hjaltsted**
formaður KÍ



Í framhaldi þarf hver og einn að ígrunda málið og taka upplýsta ákvörðun í atkvæðagreiðslu. Fari svo að vinnumatið verði samþykkt tryggir það félagsmönnum þessara þriggja félaga kjarabætur sem nú þegar eru orðnar viðmið annarra stétta í komandi kjaraviðræðum auk þess sem félögin þrjú verða þá með trygga kjarasamninga fram til ársins 2016.

Hvítbókarvinna

En yfir í allt annað, sem þó er engu minna mikilvægt. Rýnihópar Kennarasambandsins sem tengjast hvítbókarvinnu mennta-

„Ég tel að samningar okkar á síðasta ári hafi verið hagstæðir og að mikilvægt sé að halda í þær kjarabætur sem þar náðust fram“

málaráðherra eru enn að störfum þrátt fyrir að þeir hafi allir þegar skilað af sér álitum og eða umsögnum. Menntamálaráðuneytið áætlað að tillögur að aðgerðaáætlunum verði tilbúnar áður en febrúarmánuður rennur sitt skeið. Kennarasambandið hefur síðustu mánuði ítrekað komið fram með ábendingar og athugasemdir um að bæta megi vinnubrögð í tengslum við þessa vinnu. Áhyggjur okkar snúast um að vinna rýnihópanna sé til málamynda og lítið verði hlustað á þau sjónarmið sem þar koma fram. Annað samráð sé einnig meira í orði en á borði. Kennarasambandið hefur ítrekað

óskað eftir meiri aðkomu að málinu og að vinna við hvítbókina verði gerð formlegri. Á þær raddir hefur ekki verið hlustað.

Starfsemi KÍ

Í allri þeirri óvissu sem við búum við þessa dagana er sérstaklega mikilvægt að fara yfir starf og stöðu Kennarasambandsins. Um það snerist samþykkt sjötta þings KÍ sem haldið var síðasta vor, nánar tiltekið um að fá óháðan aðila til að meta þá þjónustu sem Kennarasambandið býður upp á. Í framhaldi var fyrirtækið Capacent fengið til að undirbúa og framkvæma viðhorfskönnun meðal félagsmanna KÍ. Könnunin sjálf var lögð fyrir í desember og fyrstu drög að skýrslu með niðurstöðum hennar liggja nú fyrir. Verið er að fara yfir þær þessa dagana, af m.a. stjórn KÍ og starfsmönnum, en mikilvægt er að félagsmenn sjálfir hafi



aðgang að þeim við fyrsta tækifæri. Í þessari Skólavörðu birtum við hluta af niðurstöðunum en þær verða birtar í heild á næstu vikum og fjallað verður um könnunina á ársfundi í vor, auk þess sem fjallað verður áfram um málið í næstu Skólavörðum. Sjálfur er ég vel sáttur við það mat sem félagsmenn leggja á starf sambandsins. Það er sérstaklega jákvætt að sjá hversu margir treysta starfsmönnum KÍ og að þeir sem nýtt hafa sér þjónustu okkar eru almennt ánægðir. Engu að síður er ýmislegt sem þarf að bæta og er það verkefni komandi vikna og mánaða.

Lögfræðipjónusta og sýnileiki stéttarinnar

Eitt af því sem sífellt verður mikilvægara í starfi stéttarfélaga er að tryggja fyrsta flokks lögfræðiaðstoð fyrir félagsmenn. Síðustu ár hefur verið í gildi samstarfssamningur milli KÍ og BHM um lögfræðipjónustu, en hann gekk út á að samböndin tvö væru sameiginlega með einn lögfræðing í fullu starfi. BHM sagði þessu samstarfi upp í fyrra og í framhaldi ákvað sameiginlegur lögmaður, Erna Guðmundsdóttir, að ráða sig í fullt starf hjá Bandalagi háskólamanna. Að henni er eftirsjá því Erna hefur staðið sig afar vel síðustu ár og kann ég henni bestu þakkir fyrir öll hennar störf í þágu félagsmanna KÍ. En við horfum fram á veginn og fyrir skemmstu var ráðinn nýr lögmaður sem heitir Anna Rós Sigmundsdóttir. Hún verður í fullu starfi hjá Kennara-sambandinu og því er verið með ráðningu hennar að auka og þar með bæta þá lögfræðipjónustu sem KÍ býður upp á.

Að lokum vil ég hvetja alla félagsmenn til dáða. Þið eruð fagfólk, þið menntið Ísland. Það er mikilvægt að starf ykkar sé sýnilegt og því vil ég hvetja hvert ykkar að ræða sem víðast um kennarastarfið en einnig að setjast niður og skrifa greinar. Þið hafið frá afar mörgu að segja úr skólastarfinu og getið upplýst landsmenn um hvernig skóli nútímans lítur út, hvað er vel gert og hvað þarf að bæta. Hægt er að fá greinar birtar í Skólavörðunni eða í dagblöðum og í því ferli getur útgáfusvið KÍ aðstoðað, bæði við skrif, yfirlestur og annað. Verum uppbyggileg og jákvæð í starfi okkar. Verum nú sem áður fagmenn fram í fingurgóma.



VINNUMAT GRUNN- SKÓLAKENNARA

Verkefnisstjórn um vinnumat hefur nú lokið kynningum sínum um land allt en frestur til að skila inn athugasemdum rann út 15. janúar.

Verkefnisstjórnin er þessa dagana að vinna úr innsendum athugasemdum og fljótlega mun hún senda endanlega niðurstöðu vinnumatsins til samningsaðila sem munu í framhaldinu kynna lokaútgáfu þess.

„Það hefur ekki farið fram hjá neinum að ákvæðið um hina svokölluðu sjö tíma hefur verið mest áberandi í umræðunni meðal kennara,“ segir Ólafur Loftsson, formaður FG, aðspurður um helstu ágreiningsmál í yfirstandandi vinnu. „Verkefnisstjórn



Ólafur Loftsson,
formaður Félags
grunnskólakennara

ákvað að vísa þeirri grein samningsins til samningsaðila til endurskoðunar. Sú vinna er nú í gangi.“

Óánægja hefur verið meðal list- og verkgreinakennara vegna þess að ekki tókst að jafna launamun þeirra og umsjónarkennara. „Nokkurs misskilnings hefur gætt í þeirri umræðu og sumir látið að því liggja að samninganefnd félagsins standi í vegi fyrir því að þessi hópur grunnraðist eins og umsjónarkennarar. Hið rétta er að samninganefnd FG hefur frá árinu 2008 haft þetta sem eitt af sínum helstu áherslumálum í samningagerðinni eins og sjá má af gögnum sem lögð hafa verið fram. Um áramótin 2012/2013 var svo komið að samninganefnd FG var búin að semja við samninganefnd sveitarfélaganna um útfærslu um að þessum launamun yrði eytt, en því var hafnað af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í ljósi þess hvernig vinnumat er byggt upp, hefði verið miklu æskilegra að gera þessa breytingu. Rétt er að árétta að launamunur milli þessara hópa mun ekkert breytast við þennan samning, ef undan er skilið að nú verður bara eitt starfsheiti umsjónarkennara,“ segir Ólafur.

Kynning og atkvæðagreiðsla

Eftir að skrifað var undir kjarasamning FG og sveitarfélaganna í vor hafa laun allra kennara nú þegar hækkað um rúm 9%. Hækkun þeirra sem kusu að afsala sér kennsluafslætti er mun meiri, en hún nemur rúmlega 20%. Verði vinnumat samþykkt munu allir kennarar á samningstímanum hækka að lágmarki um rúm 20% og þeir sem kusu að afsala sér kennsluafslætti um rúm 35%.

„Auðvitað er ekki um hreina launahækkun að ræða. Inn í þessum tölum eru ákveðnar breytingar á vinnuumhverfi eins og hjá framhaldsskólakennurum og læknum,“ segir Ólafur.

Eins og fyrr sagði mun endanleg útgáfa að vinnumati fljótlega liggja fyrir. Í framhaldinu verður haldinn opinn fundur í Reykjavík þar sem lokaútgáfan verður kynnt. Fundurinn verður tekinn upp og settur á [vef vinnumats](#). Gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um vinnumatið muni hefjast um 20. febrúar.

Reynir Þór Eggertsson mun næstu sex mánuði vinna við hlið Guðríðar Arnardóttur, formanns FF, við verkefni tengd nýju vinnumati.



VINNAN Á LOKAMETRUM

Vinnumat framhaldsskólakennara verður kynnt á næstu vikum í öllum framhaldsskólum landsins.

V

Vinna við nýtt vinnumat framhaldsskólakennara er nú á lokametrum. Stefnt er að því að hefja kynningar á endanlegri niðurstöðu vinnumatsins nú um mánaðamótin en þær munu fara fram í öllum framhaldsskólum landsins. Atkvæðagreiðsla um niðurstöðuna mun síðan hefjast upp úr 20. febrúar. Nú þegar hafa drög að vinnumati verið kynnt fyrir flestum trúnaðarmönnum framhaldsskólans. Nýtt vinnumat felur í sér talsverða uppstokkun á núverandi skilgreiningu kennslu og undir-

búnings, þar sem tekið verður tillit til hópastærða, endurtekinna áfanga, gerðar og samsetningar nemendahópa og fleiri þátta sem tilgreindir eru í kjarasamningi. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á kennsluafslætti, viðveru eða öðrum störfum kennara inni í skólunum. Verði nýtt vinnumat samþykkt munu laun framhaldsskólakennara hækka 1. maí næstkomandi um 9,3%.

Viðsemjendur KÍ leggja til fjármagn vegna þess kostnaðar og þeirrar vinnu sem Félag framhaldsskólakennara og Félag stjórnenda framhaldsskóla hefur ráðist í. Vegna þeirrar miklu vinnu sem er framundan hefur stjórn FF nú ráðið Reyni Þór Eggertsson, stjórnarmann og fulltrúa í verkefnisstjórn, í hálfstarf í sex mánuði. Hlutverk Reynis er að aðstoða við kynningar á nýju vinnumati og ekki síður að leiðbeina um gerð vinnumats verði það samþykkt í atkvæðagreiðslu.

Leiðbeinendur í leikskólum sem hafa aðra háskólamenntun en leikskólafræði hafa í dag aukinn fjárhagslegan ávinning af því að sækja sér leyfisbréf á leikskólastigi.

Deildu með
vinum á vefnum



STÓREFLD STARFSÞRÓUN

Hluti greiðslna sem áður runnu í Orlofssjóð KÍ verður frá áramótum nýttur í að styðja leiðbeinendur sem vilja sækja sér leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi. Prettán hundruð leikskólakennara vantar til að uppfylla lög um menntun og ráðningu kennara frá 2008.

Leiðbeinendur í leikskólum sem hafa aðra háskólamenntun en leikskólafræði geta frá nóvember næstkomandi sótt um styrki úr nýjum sjóði, kjósi þeir að hefja nám til að sækja sér leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi. Stofnun sjóðsins, sem ber nafnið „Starfsþróunarsjóður leiðbeinenda“, er liður í átaki sem miðar að því að fjölga leikskólakennurum. Sjóðurinn verður fjármagnaður með framlögum frá vinnuveitendum. Annars vegar er um að ræða greiðslu sem nemur 0,1% af launum sem samið var um fyrir launafólk í síðustu kjarasamningalotu. Því til viðbótar fór

„Starfsþróunar-
sjóður leið-
beinenda er
liður í átaki sem
miðar að því að
fjölga leikskóla-
kennurum“

aukið fjármagn að renna í sjóðinn um áramót að sögn Haraldar Freys Gíslasonar, formanns Félags leikskólakennara.

„Hingað til hefur verið greitt 0,5% framlag af heildarlaunum í orlofssjóð fyrir félagsmenn í Félagi leikskólakennara. Þetta á einnig við um FSL en í öðrum aðildarfélögum KÍ er þetta hlutfall 0,25%, og þannig hefur þetta verið í á annan áratug. Við samningaborðið í sumar kom upp sú hugmynd að flytja 0,25% úr orlofssjóði inn í sérstakan starfsþróunarsjóð og nýta í aðgerðir

til að fjölga leikskólakennurum. Ákveðið var að vísa málinu til samstarfsnefndar sem ákvað í byrjun nóvember að fara þessa leið,“ segir Haraldur.

Launamunur jókst

Í síðustu kjarasamningum voru gerðar miklar kerfisbreytingar á launatöflu Félags leikskólakennara.

Töflunni var í raun skipt í tvennt, annars vegar fyrir leiðbeinendur sem hafa annað háskólapróf en leikskólakennaramenntun og hins vegar fyrir leikskólakennara. Samið var um mismiklar kjarabætur til þessara tveggja hópa, þar sem hækkanir leikskóla-

kennara voru talsvert umfram það sem leiðbeinendur fengu.

„Þetta skref þurfti nauðsynlega að stíga því áður var ekki nægilega fjárhagslega hagkvæmt að sækja sér leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi. Það var bagalegt að leiðbeinendur fengu ekki meiri kjarabætur í vor en raun ber vitni, en við viljum með þessum sjóði reyna að aðstoða þennan hóp við að sækja sér leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi. Núna hafa menn aukinn fjárhagslegan ávinning af því að sækja sér leyfisbréf og þá fjölgar vonandi þeim sem kjósa að hefja þetta nám,“ segir Haraldur.



FYRSTU DAGARNIR LOFA GÓÐU

A Anna Rós Sigmundsdóttir héraðsdómslögmaður tók á dögunum við starfi lögfræðings hjá Kennarasambandi Íslands. Hún segist hlakka til að takast á við hin fjölmörgu málefni sem lögfræðingur KÍ þarf að leysa úr.

„Mér líst vel á mig hér í Kennarahúsinu og hlakka til að vinna fyrir félagsmenn Kennarasambandsins. Ég er enn að koma mér inn í starfið og sé að mín bíða mörg spennandi og krefjandi verkefni,“ segir Anna Rós. Hún vinnur í hlutastarfi til að byrja með en verður í fullu starfi frá og með næstu mánaðamótum. Hún tekur við starfi Ernu Guðmundsdóttur sem var lögfræðingur sambandsins um langt árabil. Anna Rós býr yfir fjölbreyttri reynslu af



lögfræðistörfum en síðustu fimm árin gegndi hún starfi lögfræðings á starfsmannasviði Actavis. „Starfið hjá Actavis var mikil og góð reynsla og kom inn á fjölmörg svið starfsmannamála. Actavis er gott fyrirtæki að vinna hjá, þar ríkir góður andi og vel er hugað að starfsmannamálum.“

Ég bý yfir starfsreynslu af starfsmannamálum á almenna markaðnum en það verður nýtt fyrir mér að vinna í þágu opinberra starfsmanna. Það er hins vegar spennandi og verður án vafa gaman að fást við.

Allt er þegar þrennt er

Lögfræðin varð fyrir valinu hjá Önnu Rós eftir stutt stopp í háskólanámi í jarðeðlisfræði og tveggja ára námshlé. „Ég sá síðar að lögfræðin ætti betur við mig og mér fannst námið spennandi og skemmtilegt. Kosturinn við lögfræðina er fjölbreytileikinn og það býður upp á svo margvíslega möguleika að námi loknu,“ segir Anna Rós. Hún lauk stúdentsprófi frá Borgarholtsskóla árið 2000. „Það er gaman að segja frá því að ég tilheyrði fyrsta árganginum sem útskrifaðist með stúdentspróf úr Borgarholtsskóla og fjórum árum áður var ég í fyrsta hópnum sem lauk grunnskólanum í Húsaskóla,“ segir Anna Rós.

Allt er þegar þrennt er og fullkomnast í fjórða og Anna Rós náði líka þeim merka áfanga að tilheyra fyrsta árganginum sem lauk lagaprófi frá Háskólanum í Reykjavík en það var árið 2005. Meistaraprófi í lögfræði lauk Anna Rós árið 2007 og var því líka í fyrsta árganginum sem lauk fullnaðarprófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Ári síðar fékk hún héraðsdómslögmannsréttindi. Hún dreif sig líka í Hússtjórnarskólann í Reykjavík og segir það hafa verið hagnýtt og skemmtilegt nám. „Námið í Hússtjórnarskólanum var mjög gott og ég mæli með því. Reyndar vill maðurinn minn stundum ekki trúa að ég hafi lokið prófi þaðan,“ segir Anna Rós og brosir.

Anna Rós hefur komið víða við á vinnumarkaði. Hún starfaði til dæmis sem lögfræðingur hjá KPMG í þrjú ár. Þá vann hún hjá 66° Norður meðfram námi í um 10 ár – við afgreiðslu, sem



verslunarstjóri og á skrifstofunni. „Tvö sumur fékk ég styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Annað sumarið var ég að rannsaka hvaða sjónarmið dómarar leggja til grundvallar þegar þeir taka ákvörðun um forsjá barna við samvistarslit foreldra þeirra. Einnig voru faðernis- og barnaverndarmál rannsökuð. Verkefnið var unnið í samvinnu við Svölu Ísfeld Ólafsdóttur, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og Davíð Þór Björgvins-son, fyrrum dómara við Mannréttindadómstól Evrópu. Síðara sumarið vann ég að verkefni í samstarfi við Gunnar Gunnarsson lögmann og KPMG við að rannsaka, reifa og flokka dóma, úrskurði yfirskattanefndar og ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra sem fjölluðu um virðisaukaskatt.

Ég vann líka í sumarstörfum, hjá Umboðsmanni barna og í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þetta var mjög lærdómsríkt og góður skóli fyrir ungan laganema.“

Útivistin og börnin

Starf lögfræðings er oft annasamt en Anna Rós, sem er gamall skáti, segist reyna að gefa sér tíma til útivistar þótt kannski sé minna um það þessi misserin. Anna Rós er í sambúð með Andrésí Magnússyni viðskiptafræðingi og þau eiga tvö börn, eins og þriggja ára gömul. „Við reynum að stunda útivist og ferðast sem mest innanlands. Við tökum börnin bara með okkur í ferðalög.“

Anna Rós verður með aðstöðu í Kennarahúsinu og eins og áður hefur komið fram bíða hennar margvísleg mál og verkefni. „Ég bý yfir starfsreynslu af starfsmannamálum á almenna markaðnum en það verður nýtt fyrir mér að vinna í þágu opinberra starfsmanna. Það er hins vegar spennandi og verður án vafa gaman að fást við,“ segir Anna Rós Sigmundsdóttir, lögfræðingur Kennarasambands Íslands.

YFIRLIT UM RÉTTINDI ÞÍN Á EINUM STAÐ

Á sjóðóðlagavef LSR fæst þú m.a. upplýsingar um réttindi þín, græddi Eignad og skráningarspennu áskot þri að hafa aðgang að Lífeyrlegðtíni.

Lífeyrlegðtíni er rétt kalli fyrir sjóðóðlaga til að til á einum stað upplýsingar um ákveðin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarskjóðum. Með Lífeyrlegðtíni opkast grædd kalli að þessum upplýsingum.



Lífeyrlegðtíni

Upplýsingar um lífeyrisréttindi
á einum stað



LSR

Lífeyrlegðtíni
skráningarspennu

Engelshjól 19
104 Reykjavík
Sími: 540 4000
Ísland.is

www.lsr.is



BÆTT Í, EN LÍKA SKERT HJÁ ORLOFSSJÓÐI

Félagsmönnum KÍ munu í sumar standa til boða tvö sumarhús á Spáni, en tillaga þess efnis var afgreidd á fundi stjórnar Orlofssjóðs í janúar. Húsin eru bæði í Alicante og verða nánari upplýsingar um þau sett inn á Frímann, þjónustuvef Orlofssjóðs, á næstunni.

Á hinn bóginn er ljóst að önnur þjónusta sjóðsins skerðist í ár. Ástæður fyrir því eru tvær.

Annars vegar reynist Orlofssjóði stöðugt erfiðara að fá hús til útleigu yfir sumar-tímann þar sem húseigendur kjósa í auknum mæli að leigja eignir sínar erlendum ferðamönnum sem greiða mun herra verð fyrir gistingu en sjóðurinn ræður við. Hins vegar verða tekjur sjóðsins allt

að 25 milljónum króna lægri í ár en í fyrra. Ástæða þess er að árum saman hafa starfsmenn leikskóla greitt tvöfalt meira til sjóðsins en aðrir félagsmenn KÍ, eða 0,5% af launum á móti 0,25%. Forsvarsmenn Félags leikskólakennara hafa nú brugðist við og ákveðið að lækka þessar greiðslur til samræmis við önnur skólastig eins og fjallað er um framar í blaðinu. Hjá Félagi stjórnenda leikskóla er málið einnig í skoðun. Vegna þessa er nú gert ráð fyrir að tekjur Orlofssjóðs af félagsgjöldum verði á þessu ári um 123 milljónir króna, en tekjurnar í fyrra numu 148 milljónum. Stjórn sjóðsins hefur síðustu mánuði rætt hvernig brugðist verði við þessari stöðu en niðurstaða í því liggur enn ekki fyrir.

NÝ HANDBÓK UM VELFERÐ OG ÖRYGGI GRUNNSKÓLABARNA

Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum kom út í desember síðastliðnum. Handbókin, sem var unnin í samvinnu menntamála-ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, er uppflettirit sem á til að auðvelda öllum þeim sem starfa í grunnskólum að fylgja eftir lögum og reglugerðum sem gilda um grunnskólann og umhverfi hans.

„Mikilvægt er að allir, sem koma að málefnum grunnskóla koma, gerir sér grein fyrir að umhverfi og starfshættir grunnskóla eiga að tryggja að öllum nemendum líði sem best og að þeir upplifi öryggi í daglegu starfi skóla,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra í ávarpi í handbókinni. Ráðherra segir velferð barna og ungmenna þurfa að vera leiðarljós í starfsemi grunnskóla.


Handbókinni er ætlað að vera rammi um sameiginlega vinnu allra í skólasamfélaginu að velferð barna og byggir á efni sem Herdís Storgaard og Þorlákur Helgason inntu af hendi fyrir menntamálaráðuneytið.

Þeir sem starfa í grunnskólum landsins eru hvattir til að kynna sér efni [handbókarinnar](#).



Námsmenn

Fylgstu með tilboðum í Íslandsbanka Appinu



Stúdentskortíð og Íslandsbanka Appið gefa Wið stómmillegna Handhefar Stúdentskortins fá fjölbreytt og spennandi tilboð sem koma sér vel fyrir námsmenn. Náðu í Íslandsbanka Appið og sjáðu tilboðin strax me til þín.

20% af bíómiðunum
og meira popp og gos á verði
miðstærðar þegar þú grabir
með Stúdentskortu Íslandsbanka.



Gynnu þér þjónustu og tilboð
í námsmennta á islandsbanki.is

islandsbanki.is



Netfangill

Síni 440 4000



Facebook



Íslandsbanki

VIÐHORF KENNARA OG SKÓLASTJÓRNENDA TIL STARFSAÐSTÆÐNA OG STARFSHÁTTA

O

OECD hefur tvívegis staðið fyrir alþjóðlegri rannsókn á viðhorfum kennara og skólastjórnaenda til starfsaðstæðna sinna og starfshátta sem nefnist TALIS (Teaching and Learning International Survey). Fyrsta rannsókn af þessu tagi var lögð árið 2008 fyrir kennara og skólastjórnaendur á unglingastigi grunnskóla í 24 löndum, og einnig hér á landi. Árið 2013 náði rannsóknin til 34 landa með áherslu á unglingastigið, og þá líka boðið upp á að leggja hana fyrir á yngsta og miðstigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Hér tók rannsóknin til unglingastigs grunnskóla og framhaldsskóla.

Niðurstöðurnar 2013 komu út í tveimur hlutum á síðasta ári, unglingastigið í júní og framhaldsskólastigið í desember.

Námsmatsstofnun sá um framkvæmd hér á landi 2008 og 2013. Á heimasíðu stofnunarinnar namsmat.is undir flipanum „Rannsóknir“ eru skýrslur um niðurstöðurnar á unglingastiginu hér á landi og [heildarskýrslur](#) á vef OECD.

TALIS er eina alþjóðlega rannsóknin sem fjallar um starfsaðstæður kennara og skólastjórnaenda og námsumhverfi í skólum. Markmiðið er að safna áreiðanlegum og samantarhæfum gögnum sem geta nýst við að meta og móta stefnu um starfsþróun kennarastéttarinnar. Mikilvægt er að byggja á greinargóðum upplýsingum frá fyrstu hendi um starfsaðstæður og starfshætti í skólunum þegar það er gert.

Í TALIS eru kennarar og skólastjórnaendur spurðir um viðhorf þeirra til eftirfarandi þátta.



**Aðalheiður
Steingrimsdóttir**
varaformaður KÍ



- Menntunar, þjálfunar og starfsþróunar.
- Mats og endurgjafar til kennara.
- Stjórnunar og stefnumótunar í skólanum.
- Kennslufræði og kennsluhátta.
- Sjálfræðis kennara í starfi, starfsánægju og skólabrags.



„Almennt er það orðið viðurkennt að kennarar eru einstaki mikilvægasti áhrifaþátturinn í skólastarfinu fyrir nám nemenda og kennslutengd atriði. Það skýrir þennan vaxandi áhuga á að safna þekkingu um kennara-stéttina í þeim tilgangi að efla kennslu og nám nemenda,“ skrifar Aðalheiður meðal annars í grein sinni.

Ýmsa fyrirvara þarf að hafa þegar niðurstöður eru túlkaðar. Í fyrsta lagi eru svör kennara og skólastjórnenda huglæg, þau lýsa skoðunum, aðstæðum og störfum þeirra. Því er vel mögulegt að einhvers misræmis gæti á milli þess sem TALIS gefur til kynna og annarra tegunda upplýsinga um skólakerfið. Í öðru lagi er rannsóknin ekki þess eðlis að hún geti mælt orsakasamhengi, gefið skýra mynd af orsök og afleiðingu. Í þriðja lagi



getur TALIS ekki mælt með beinum hætti markvirkni kennslu. Af þessum ástæðum eru könnuð ofangreind þemu en þau eru ofarlega á blaði í mörgum löndum í menntamálum en þar að auki hafa margar rannsóknir sýnt að þessi þemu eru nátengd gæðakennslu. Og í fjórða lagi þarf að taka tillit til menningarlegs mismunar í túlkun á einstökum spurningum.

Það er staðreynd að í fjölmörgum löndum blasir við alvarlegur kennaraskortur áður en langir tímar líða fram því fjölmennir hópar kennara eru að nálgast eftirlaunaaldur, og er Ísland hér engin undantekning. Af þessum ástæðum er það

**Kennarastétt með
sterka faglega sjálfs-
mynd sem metin er að
verðleikum er besta
aðferðin við að auka
nýliðun í kennslu.
Þetta eru sennilega
mikilvægustu skila-
boðin í TALIS.**

orðið forgangsverkefni víða um heim að auka nýliðun í kennarastéttinni, ýta undir meiri aðsókn í kennaranám, styrkja menntun og þjálfun kennaraefna og að gera kennarastarfið eftirsóknarvert; laun og starfsskilyrði og fjölbreyttar leiðir til starfsþróunar og framgangs í starfi.

En það er fleira sem er hér að verki. Almenn er það orðið viðurkennt að kennarar eru einstaki mikilvægasti áhrifaþátturinn í skólastarfinu fyrir nám nemenda og kennslutengd atriði. Það skýrir þennan vaxandi áhuga á að safna þekkingu um kennarastéttina í þeim tilgangi að

efla kennslu og nám nemenda. TALIS er að þessu leyti mikilvægt skref að því að beina sérstakri athygli að starfsaðstæðum kennara í kennslu, mikilvægasta hluta kennarastarfsins.

Mikilvægi starfsþróunar

Í niðurstöðum TALIS er að finna margar tillögur um meiri stuðning við kennara og skólastjórnendur af margvíslegu tagi til að gera þeim betur kleift að einbeita sér að mikilvægasta þætti skólastarfsins, kennslu og námi nemenda.

Fram kemur að undirbúa þurfi skólastjórnendur betur til að takast á hendur að stýra skóla. Auka þurfi möguleika þeirra til starfsþróunar og bæta aðgengi að starfsþróun. Einnig þurfi að



tryggja skólastjórnendum starfsþjálfun og skapa þeim aðstæður til að vera faglegir leiðtogar í skólastarfinu.

Hvað varðar stuðning við kennara þá er lagt til að skólar bjóði nýjum kennurum upp á nýliðabjálfun og að þeir séu hvattir til þátttöku, og að skólar komi á skipulegri leiðsögn og stuðningi við kennara og styðji við þátttöku þeirra í slíku alla starfsævina. Einnig þurfi að tryggja framboð og þátttöku kennara í starfsþróun og auka aðgengi þeirra að starfsþróun.

Í TALIS er fjallað um atriði sem hafa mikil áhrif á þátttöku kennara í starfsþróun en þau eru meðal annars tími, sveigjanleiki í starfi, að framboð af starfsþróunarverkefnum sé í samræmi við þarfir kennara og hvati til starfsþróunar sé fyrir hendi.

Í TALIS eru tillögur sem varða sjálfræði kennara í starfi og starfsánægju. Þar er meðal annars lagt til að að efla kennara til þátttöku í ákvörðunum í skólunum, að bjóða þeim upp á starfsþróunarverkefni í bekkjarstjórnun, stuðning í kennslu og kennsluráðgjöf til að ráða betur við hegðunarvanda hjá nemendum og að hvetja kennara til að vinna saman að starfsþróun og kennsluháttum.

Niðurstöðurnar í TALIS um sjálfræði kennara í starfi og starfsánægju varpa ljósi á mikilvægi þess að raddir kennara heyrast. Samstarf er lykillinn að gæðamenntun en ekki valdboð að ofan.

Þarfir kennara og skólastjórnenda kannaðar

Ein alvarlegasta niðurstaðan í TALIS er að minna en þriðjungur kennara telur að kennarastarfið sé mikils metið í samfélaginu. En þar kemur líka fram að ef kennarar upplifa að þeir hafi stjórn á starfi sínu utan skóla og innan og ef starfsánægja þeirra er mikil og sjálfræði í starfi, þá eykst trú þeirra á að kennarastarfið sé mikils metið.

Þetta hefur mikla þýðingu fyrir stefnumótun í menntamálum og starf kennarasamtaka. Kennarastétt með sterka faglega sjálfsmynd sem metin er að verðleikum er besta aðferðin við að auka nýliðun í kennslu. Þetta eru sennilega mikilvægustu skilaðin í TALIS.



Starfandi er fagráð um starfsþróun kennara og skólastjóra með þátttöku KÍ, menntamálaráðuneytis, sveitarfélaga og háskóla sem mennta kennara. Hlutverk fagráðsins er að móta stefnu um starfsþróun stéttarinnar og er vinna að þessu hafin með upplýsingasöfnun af ýmsu tagi. Á næstunni ætlar fagráðið meðal annars að einbeita sér að því að fara yfir TALIS niðurstöðurnar og kanna þarfir kennara og skólastjóra fyrir símenntun og starfsþróun. Fagráðinu er ætlað að leggja fram tillögur í byrjun næsta árs. KÍ leggur mikla áherslu á að þær feli í sér skýrar skuldbindingar um að styrkja starfsaðstæður kennarastéttarinnar og skólastarfið, aðferðir og fjármuni til þessa.



LEIKSKÓLAKENningarar hvattir til að vekja athygli Á störfum sínum á degi leikskólans

Dagur leikskólans verður haldinn hátíðlegur 6. febrúar næstkomandi. Þetta er í áttunda skiptið sem dagurinn er haldinn og verður sem fyrr ýmislegt gert til hátíðarbríðða. Leikskólakennarar eru hvattir til að vekja athygli á störfum sínum á þessum degi.

Síðastliðin tvö ár hefur viðurkenningin Orðsporið verið veitt á Degi leikskólans og verður einnig svo í ár. Orðsporið hefur verið veitt þeim sem þótt hafa skara fram úr í að efla orðspor leikskólastarfs í landinu og unnið ötullega í þágu leikskóla og leikskólabarna.

Árið 2012 var Orðsporið veitt Súðavíkurhreppi fyrir að bjóða gjaldfrjálsan leikskóla og árið 2013 kom Orðsporið í hlut þeirra Kristínar Dýrfjörð og Margrétar Pálu Ólafsdóttur

fyrir að hvetja til opinberrar umræðu um málefni leikskólans. Á síðasta ári fengu aðstandendur þróunarverkefnisins „Okkar mál“ Orðsporið, en markmið verkefnisins er að auka samstarf skóla og stofnana í Fellahverfi með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu undir forystu leikskólanna.

Ákveðið hefur verið að Orðsporið í ár verði veitt þeim rekstraraðila/sveitarfélagi sem þykir hafa skarað fram úr við að hækka menntunarstig leikskóla og/eða fjölga leikskólakennurum í sínum leikskóla eða leikskólum. Valnefnd, skipuð fulltrúum Samstarfshóps um Dag leikskólans, vinnur nú að því að velja úr tilnefningum sem bárust.

SAMKEPPNI UM FORSIÐUMYND

Orlofssjóður KÍ auglýsir eftir forsiðumynd fyrir Ferðablaðið 2015. Ferðablaðið hefur að geyma upplýsingar um orlofskosti félagsmanna KÍ. Veitt verða 30 þúsund króna verðlaun fyrir forsiðumyndina.

Skilafrestur er til 7. febrúar 2015 og eru áhugasamir beðnir að senda ljósmynd á netfangið utgafa@ki.is. Upplýsingar um myndefni og ljósmyndara þurfa að fylgja með. Þegar hafa ríflega 200 myndir borist Orlofssjóði.

FIMM TÍMA BILUN

Bilun varð á [heimasíðu](#) Kennarasambandsins mánudaginn 5. janúar klukkan 17 og lá forsiða vefsins niðri í tæpar fimm klukkustundir. Um klukkustund eftir að forsiðan datt út hófst páskaúthlutun Orlofssjóðs sem venju samkvæmt fór fram á netinu. Þeir sem ætluðu inn á þjónustuvef sjóðsins, Frímann, í gegnum [ki.is](#) lentu í vandræðum, meðan þeir sem fóru beint inn á Frímann gátu bókað sumarhús og aðra orlofskosti án vandkvæða. Ástæðan tengist galla í tengingum á heimasíðu við samfélagsmiðla sem nú hafa verið teknar út og verða ekki gerðar virkar á ný fyrir en tryggt hefur verið að bilunin endurtaki sig ekki.



7 KRÓNA AFSLÁTTUR

Með KÍ-dælykli Atlantsolíu fá félagsmenn
7 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælykilshafa veitir dælykill 15 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkörin á www.ki.is






UPPSÖGN KENNARA DÆMD ÓLÖGMÆT

Uppsögn Ólafs Kjartanssonar, framhaldsskólakennara og öryggistrúnaðarmanns í Verkmenntaskólanum á Akureyri, var ólögmæt. Hæstiréttur kvað upp dóminn á haustdögum. Gísli Guðni Hall hæstaréttarlögmaður, sem rak málið fyrir hönd KÍ og Ólafs, segir dóminn geta haft mikilvægt fordæmisgildi.





Hæstiréttur kvað upp dóm í máli Ólafs Kjartanssonar framhaldsskólakennara gegn Verkmennaskólanum á Akureyri 25. september síðastliðinn. Komst Hæstiréttur að því að uppsögn Ólafs í VMA væri ólögmæt og bæri að greiða honum 400 þúsund krónur í skaðabætur auk 800 þúsund króna í málskostnað. Sneri Hæstiréttur þar með við dómi Héraðsdóms Norðurlands sem hafði sýknað VMA í málinu. Kennarasamband Íslands rak málið fyrir hönd Ólafs.

Málsatvik eru þau að Ólafi, sem var öryggistrún-aðarmaður auk þess að vera kennari, var sagt upp störfum í VMA árið 2011 og var uppsögnin rökstudd með því að skólinn hefði þurft að skera niður í hagræðingar-skyni, auk þess sem Ólafur fullnægði ekki lengur þeim hæfniskröfum til kennslu í þeim greinum sem hann hafði haft með höndum. Ólafur óskaði þegar í stað eftir nánari rökstuðningi.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að skólameistari VMA hafi í bréfi vísað til hagræðingarsjónarmiða, en skólanum hafi verið gert að spara 100 milljónir króna á árunum 2010-2011. Þá hafi kennslumagn í ákveðnum greinum minnkað og nemendum fækkað einnig. Einnig er tilgreint í bréfinu að frá því að Ólafur hafi verið ráðinn til skólans hafi verið lögð áhersla á að kennarar á málmsmíðabraut væru með 4. stigs vélstjórnarréttindi. Enn fremur segir í bréfi skólameistara að Ólafur hafi ekki uppfyllt skilyrði svonefndra IMO reglna Siglingamálastofnunar Íslands og Alþjóðamálastofnunar um menntun og færni í kennslu vélstjórnargreina. Að síðustu er sagt frá því í bréfi skólameistara að eftirspurn í vélvirkjun sé nánast engin og námsáfangar sem Ólafur hafi kennt séu ekki lengur í boði. Þess var og getið að þremur öðrum kennurum var sagt upp störfum á sama tíma og Ólafi, en þeir störfuðu á öðrum kennslusviðum innan skólans.

Gæta þarf að meðalhófsreglunni

Hæstiréttur segir ekki hald í þeirri málsástæðu VMA að Ólafur



hafi ekki uppfyllt kröfur til kennslu. IMO-reglurnar séu almennt orðaðar og veiti svigrúm til að meta hvaða hæfniskröfur séu gerðar til kennslu í þeim greinum sem Ólafur kenndi. Þá segir Hæstiréttur ekki hægt að horfa fram hjá því að Ólafur hafi haldið áfram kennslu eftir að umrætt gæðakerfi var innleitt. Auk þess

MÁ FÆRA RÖK FYRIR AÐ FORDÆMI DÓMSINS GILDI UM ALLA OPINBERA STARFSMENN

„Mitt mat er að fordæmið sem í dómnum felst sé mjög mikilvægt. Í fyrsta lagi fer Hæstiréttur með gagnrýnum hætti yfir hvort ástæður á borð við breyttar reglur hafi réttlætt uppsögn. Í öðru lagi er lögð áhersla á trúnaðarmannavernd en í henni felst að trúnaðarmanni verði ekki sagt upp án knýjandi ástæðna. Við mat á því sé lítið til þess hvernig ákvörðun var undirbúin og hvort kannað hafi verið til þrautar hvort komast hefði mátt hjá uppsögn með öðrum leiðum.

Í þriðja lagi er vísað til meðalhófsreglu 12. greinar stjórnsýslulaga. Meðalhófsreglan gildir í allri stjórnsýslu og því má færa rök fyrir að fordæmið varði ekki eingöngu trúnaðarmenn heldur opinbera starfsmenn yfirleitt. Því má halda fram að ekki stoði fyrir opinberar stofnanir að rökstyðja uppsögn starfsmanns eingöngu með vísan til hagræðingar- og sparnaðaraðgerða heldur komi þá til skoðunar hvort komast hefði mátt hjá uppsögn með tilliti til aðstæðna á vinnustaðnum. Ef aðrir starfsmenn eru ráðnir inn um svipað leyti þá sé það að minnsta kosti vísbending um brot á meðalhófsreglunni,“ segir Gísli Guðni Hall hæstaréttarlögmaður sem sótti málið fyrir hönd Kennarasambands Íslands og Ólafs Kjartanssonar.

er á það bent að annar kennari með 2. stigs vélstjórnarréttindi hafi verið áfram við kennslu eftir uppsögn Ólafs.

Hvað varðar hagræðingarstjórnarmið VMA segir Hæstiréttur að forstöðumaður beri ábyrgð á rekstri og afkomu þeirrar stofnunar sem hann stýrir. Skólameistari VMA hafði komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að fækka starfsmönnum til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu. Slík ákvörðun sætir að mati Hæstaréttar „ekki öðrum takmörkunum en þeim að aðgerðir, sem gripið er til, þurfi að vera í samræmi við lög og meginreglur stjórnsýsluréttar,“ segir í dómsorðinu. Þegar starfsmönnum er fækkað í hagræðingarskyni þurfi að leggja mat á hæfni þeirra sem ráðgert er að segja upp en um leið þurfa for-

stöðumenn að gæta meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar með því að fara ekki strangar í sakirnar en nauðsyn ber við töku hinnar íþyngjandi ákvörðunar. Framangreindu til viðbótar verði að líta til þess að Ólafur gegndi starfi öryggistrúnaðarmanns og naut samkvæmt því réttarverndar 3. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986 um



kjarasamninga opinberra starfsmanna, og 11. gr. laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, en þar er kveðið á um að trúnaðarmaður skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnu þegar til uppsagnar kemur vegna fækkunar á starfsfólki.

Naut ríkrar trúnaðarmannaverndar


Þá kemur fram í dómi Hæstaréttar að eftir uppsögn Ólafs hafi verið ráðinn kennari á kennslusviði hans og hafi sá ekki uppfyllt skilyrði um 4. stig vélstjórnarréttinda og auk þess hafi annar kennari verið ráðinn á undanþágu haustið 2011. Hæstiréttur segir að í ljósi hinnar ríku verndar sem Ólafur naut sem öryggis-trúnaðarmaður hafi VMA borið að gagnnga kirfilega úr skugga um að hvort hægt væri að komast hjá uppsögninni, til dæmis með því að kanna hvort fela mætti honum kennslu í öðrum áföngum. Að mati Hæstaréttar gerði VMA ekki viðhlítandi grein fyrir að þessi leið hafi ekki verið fær og því telst uppsögn Ólafs Kjartanssonar ólögmæt.



FÉLAGSMENN BERA MIKIÐ TRAUST TIL KÍ

Meirihluti félagsmanna KÍ er ánægður með þjónustu KÍ og ber traust til starfseminnar. Þetta er meðal niðurstaðna nýrrar viðhorfskönnunar sem Capacent gerði fyrir Kennarasambandið í lok síðasta árs.





Það sem ég er
ánægðastur með er
hversu vel félags-
menn treysta KÍ og
starfsmönnum þess.

Meirihluti félagsmanna í Kennarasambandi Íslands er ánægður með þjónustu starfsmanna KÍ. Þá bera félagar í KÍ mikið traust til sambandsins. Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum viðhorfsskönnunar sem Capacent gerði fyrir KÍ í nóvember og desember á síðasta ári.

Fyrstu drög að niðurstöðum könnunarinnar liggja nú fyrir og verður fjallað um fáeina þætti hennar hér á eftir, en heildar-niðurstöður hennar verða birtar félagsmönnum á næstu vikum. Enn fremur munu stjórn og starfsmenn KÍ fara yfir könnunina á næstu vikum auk þess sem niðurstöðurnar

verða ræddar á ársfundi sambandsins í apríl næstkomandi.

Þórður Hjaltsted, formaður Kennarasambands Íslands, segir gerð könnunarinnar í samræmi við samþykkt frá sjötta þingi KÍ sem fram fór í apríl 2014.

„Heilt yfir er ég ánægður með niðurstöður, en það má alltaf gera betur. Það sem ég er ánægðastur með er hversu vel félagsmenn treysta KÍ og starfsmönnum þess. Það á eftir að rýna betur í niðurstöður og fara yfir með starfsmönnum KÍ með það að markmiði að bæta þjónustu,“ segir Þórður Hjaltsted.


Um var að ræða netkönnun sem var send 1.474 manna lagskiptu tilviljunarúrtaki úr félagaskrá Kennarasambandsins. Þátttökuhlutfall í könnuninni var 60,9%, 897 tóku þátt en 577 svöruðu ekki. Síðast var gerð svipuð könnun árið 2006.

Mikil ánægja með þjónustu KÍ


Alls segjast 60,5 prósent svarenda ánægð þegar eftirfarandi spurning var lögð fyrir: Á heildina litið ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu Kennarasambands Íslands? Í þessum hópi segjast 12 prósent mjög ánægð og 48 prósent frekar ánægð. Mjög ónægð eru 4 prósent og 7 prósent frekar óánægð.



Á HEILDINA LITIÐ ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ ÞJÓNUSTU KENNASAM- BANDS ÍSLANDS?



ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ HAGSMUNA- GÆSLU KÍ Í RÉTTINDAMÁLUM?



Þeir sem segjast ánægðir með þjónustu KÍ eru ívið fleiri en í síðustu viðhorfskönnun frá árinu 2006 þegar 55 prósent svarenda sögðust ánægð.


Þegar svörin eru greind frekar kemur í ljós að þeir sem hafa haft mest samskipti við Kennarasambandið eru ánægð-astir. Alls eru 76 prósent þeirra sem hafa haft mikil samskipti við sambandið á síðustu tólf mánuðum ánægðir með þjónustuna. Meirihluti þeirra sem hafa haft lítil samskipti við KÍ eru ánægð, eða 54 prósent, en ef svör þeirra sem engin samskipti hafa haft þá eru aðeins 40 prósent ánægð.

Meirihluti sáttur við hagsmunagæslu í réttindamálum


Rúmlega helmingur félagsmanna KÍ er ánægður með hagsmunagæslu í réttindamálum, eða 53,7 prósent. Alls svara 27 prósent spurningunni með „hvorki né“ og 19,3 prósent eru ónægð með hagsmunagæsluna.

Ánægjan er minni nú en í könnuninni frá 2006, en þá sögðust 70 prósent vera ánægð með hagsmunagæslu í réttindamálum. Í fyrri könnun kváðust 23 prósent vera mjög ánægð með hagsmunagæslu í réttindamálum en nú eru 15 prósent mjög ánægð. Eins og í spurningunni um þjónustu KÍ, sem getið er hér á undan, ríkir mest ánægja hjá þeim sem mest samskipti hafa haft við starfsfólk Kennarasambandsins. Af þeim sem hafa haft mikil samskipti við KÍ eru 76 prósent

Á HEILDINA LITIÐ, HVERSU ÁREIÐANLEGA EÐA ÓÁREIÐANLEGA TELUR ÞÚ ÞJÓNUSTU KENNARASAMBANDS ÍSLANDS VERA?



ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) EÐA ÓÁNÆGÐ(UR) MEÐ SKÓLAVÖRÐUNA?



mjög ánægð eða frekar ánægð með hagsmunagæsluna.

Treysta þjónustu KÍ

Áreiðanleiki í þjónustu Kennarasambandsins var meðal þess sem svarendur í könnuninni voru beðnir að meta. Spurningin hljóðaði svo: Á heildina litið, hversu áreiðanlega eða óáreiðanlega telur þú þjónustu Kennarasambands Íslands vera? Í skýringu með spurningunni er bent á að með „áreiðanleika“ sé átt við hvort félagsmenn telji sig alltaf fá réttar upplýsingar hjá KÍ.

Niðurstöðurnar leiða í ljós að félagsmenn KÍ bera mikið traust til þjónustu KÍ en alls telja 83,9 prósent þjónustuna áreiðanlega; og þar af segja 28 prósent hana mjög áreiðanlega og 56 prósent frekar áreiðanlega. „Hvorki né“ er svar 12 prósent þátttakenda og 4,1 prósent telja þjónustuna óáreiðanlega.

Þeir sem lesa eru ánægðir

Meirihluti félagsmanna Kennarasambandsins er ánægður með Skólavörðuna, tímarit Kennarasambandsins. Spurt var hvort viðkomandi væri ánægður eða óánægður með Skólavörðuna. Alls sögðust 52 prósent aðspurðra vera ánægðir með Skólavörðuna, en 42,2 prósent svöruðu með „hvorki né“ og 5,6 prósent lýstu yfir óánægju með blaðið. Mun fleiri voru ánægðir með Skólavörðuna þegar niðurstöður könnunarinnar frá 2006 eru skoðaðar, en þá sögðust 72

prósent þátttakenda vera ánægð með blaðið.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til þess hvernig lestri félagsmanna á Skólavörðunni er háttað kemur í ljós að þeir sem lesa blaðið „alltaf eða oftast“ eru ánægðastir. Þannig segjast 83 prósent þeirra sem lesa Skólavörðuna „alltaf eða oftast“ vera ánægðir með blaðið.

Aðalbjörn Sigurðsson, útgáfu- og kynningarstjóri KÍ, segir að það séu óneitanlega vonbrigði hversu ánægjan með Skólavörðuna hafi minnkað frá árinu 2006.


„Það vekur athygli að þeir sem lesa blaðið eru ánægðir, sem ég túlka þannig að ritstjórnarlega séum við á réttri leið. Þeir sem ekki lesa eru ósáttir sem þýðir að óánægjan snýst um form en ekki innihald. Um það leyti sem fyrri könnun var gerð kom Skólavörðan út allt að átta sinnum á ári og var dreift mun víðar en í dag. Blöðunum fækkaði niður í tvö árið 2011 sem hefur ugglaust haft áhrif á lestur og ánægju. Við vorum síðan í haust að byrja útgáfu á nýju formi, þar sem blaðið er gefið út rafrænt og mun þéttar en áður. Það er ekki komin reynsla á það form ennþá en við þurfum greinilega að gera nýja könnun innan fárra missera og sjá hvar við stöndum og meta framhaldið út frá því. Við viljum þjónusta félagsmenn sem best og ef við metum það sem svo að með því að breyta útgáfunni batni þjónustan, þá gerum við breytingar. Það stendur þó ekki til strax,“ segir Aðalbjörn Sigurðsson.



LEIKUR AÐ BÓKUM

Tveir leikskólastarfsmenn hafa síðustu ár verið að þróa nýjar leiðir við notkun barnabóka í leikskólanum með það að leiðarljósi að örva sköpunarkraft og ímyndun barnanna og þjálfa þannig læsi í víðari skilningi þess orðs. Leikur, leiklist og söngur eru meðal helstu aðferða.





Þegar tíðindamaður Skólavörðunnar kemur í heilsuleikskólann Urðarhól í Kópavogi er honum strax vísað inn í lítinn og hjartan sal þar sem tíu eftirvæntingarfull börn sitja og bíða. Þar eru einnig tveir starfsmenn, þær Birte Harsen og Ingibjörg Ásdís Sveinsdóttir (Imma), sem eru að undirbúa stundina framundan. Áður en varir hefst flutningur á þjóðsögunni um umrenninginn sem eldar gómsæta naglasúpu fyrir íbúa lítils bæjar. Þetta er ekki venjuleg sögustund, því að allir í salnum hafa hlutverk, en ekki heldur leiksýning, því engir eru áhorfendurnir. Þetta er öllu heldur lifandi sögustund þar sem allir taka þátt. Stundin er dæmigerð fyrir aðferðina sem þær Imma og Birte kalla „Leikur að bókum“.

„Aðferð þessi gengur út á að segja sögur á lifandi og skemmtilegan hátt“

Aðferð þessi gengur út á að segja sögur á lifandi og skemmtilegan hátt og nota frásagnarmátann, en um leið sögurnar, sem vinnuaðferð þar sem form og innihald fléttast saman þannig að færi gefst á að vinna með alla þætti námsskrárinnar á eðlilegan og áhrifaríkan hátt. Eins og Imma orðar það: „Reynsla okkar hefur verið að þegar við vinnum á þennan hátt, þá skapar það samkennd og hópeflingu, því að sögurnar skapa sameiginlegan ramma. Og í þessum ramma er hægt að læra hvað sem er.“

Hægt að nota alls staðar

Imma og Birte segja svo frá kveikjunni að þróunarverkefninu Leikur að bókum. „Þetta byrjaði þannig að við fengum krakkana til að taka þátt þegar við vorum að segja þeim sögur. Börnin voru áhugasöm og náðu mjög sterkri tengingu við sögurnar og bækurnar. Við fórum fljótlega að gera meira og meira úr hverri sögu, bæta við hreyfingum, söng og hljóðum, og að lokum fórum við að færa þetta meira út í að búa til leiki úr hverri bók fyrir sig og leika okkur að bókunum. Þetta virðist höfða til flestra barna, og það hefur glatt okkur mikið að börn sem alla jafna eru þögl og hléðræg blómstra og koma eiginlega út úr skelinni í þessum





Birte Harsen leikur lítinn hræddan dreng í sögunni *The Squeaky Door* eftir Margaret Read MacDonald.

tímum. Við vorum t.d. með einhverfan dreng sem var alveg hreint frábær í leik að bókum.“

Fyrir nokkrum misserum veitti Kópavogsbær þeim stöllum styrk til að þróa verkefnið áfram og koma aðferðinni á framfæri. Þær ákváðu að miðla hugmyndum sínum gegnum netið, enda hefur Birte þegar nokkra reynslu af því í sambandi við vefsíðu sína, bornogtonlist.net. Útkoman varð síðan leikuradbokum, net, þar sem hugmyndum og myndskeiðum er safnað saman á opnu vefsvæði. Þær hafa einnig kennt aðferðina á mörgum námskeiðum, bæði á skipulagsdögum leikskóla og á vegum Endurmenntunarstofnunar HÍ. Þar sem er fyrirhugað að halda enn eitt námskeið 23. febrúar næstkomandi. Þótt þetta námskeið sé einkum hugsað fyrir starfsfólk leikskóla, segja þær Imma og Birte að aðferðina megi nota á hvaða skólastigi sem er. „Við vitum af grunnskólakennara sem var að kenna börnunum um hafið, hvernig því er skipt upp í mismunandi svæði og hvernig dýralífið er ólíkt og einstakt á hverju svæði fyrir sig. Þessi





Ásdís Sveinsdóttir (Imma), leikur söguna um naglasúpuna.

kennari lét börnin fara í nokkurs konar söguferðalag þar sem þau skoðuðu dýralífið á hverju svæði. Þannig fléttaði kennarinn sögu inn í kennsluna. Börnin upplifðu þetta ekki sem kennslu heldur leik en þegar þau voru spurð út í efnið í lok kennslustundar voru þau búin að tileinka sér það á mjög skömmum tíma.“

Erlendi sagnapulurinn

Sagan um naglasúpuna er ekki sú eina sem flutt var í sögustund dagsins. Þar var einnig farið með sögu úr bók bandarísku sagnakonunnar Margaret Read MacDonald. Bókin heitir á frummálinu *The Squeaky Door* og fjallar um lítinn strák sem þarf að sofa einn í stóru rúmi í litlu herbergi heima hjá ömmu sinni. Hann hræðist ískrið sem heyrir þegar herbergishurðinni er lokað og getur því ekki sofist. En amman heldur að hann sé hræddur við að vera einn og leyfir sífellt fleiri og fleiri húsdýrum að sofa í



rúminu hjá honum. Aftur eru allir í salnum með sitt hlutverk. Imma er amman, Birte er strákurinn litli, og börnin leika dýrin sem koma fyrir í sögunni.

Það er ekki tilviljum að þessi saga varð fyrir valinu, því höfundurinn, Margaret Read MacDonald, er nýbúinn að heim-sækja leikskólann. Hún sá í fyrra nokkur myndskreið á netinu þar sem börnin á Urðarhóli léku sögur hennar og varð svo hrifin að hún setti sig í samband við Birte og Immu. „Okkur fannst þetta ótrúlega skemmtilegt, enda höfum við lengi verið aðdá- endur bókanna hennar. Þess vegna vorum við með þínu stjórnur í augunum yfir að þessi fræga kona væri að setja sig í samband við okkur.“

Margaret Read MacDonald safnar þjóðsögum víðs vegar að úr heiminum og notar þær sem efnivið sem sagnaþulur og hefur t.d. endursagt sumar þeirra barnabókum sínum. Hana hefur lengi langað til Íslands til að kynnast sagnaheiminum hér og íslenskri náttúru, og bað þess vegna Birte og Immu um að hjálpa sér að skipuleggja ferð hingað til lands. Hún kom haustið 2014 og hélt mjög vel heppnaðar vinnustofur (bæði á höfuðborgar- svæðinu og á Akureyri) þar sem sagnaþulir sem og leik- og grunnskólakennarar tóku þátt. Einnig var hún með sögustundir á miðstigi Kársnesskóla og á Urðarhóli þar sem börn frá þriggja og upp í tólf ára heilluðust upp úr skónum.


Þegar MacDonald heimsótti Urðarhól var hún mjög hrifin af flutningi Immu á Búkollu, þar sem hún notaði ýmsa hluti úr náttúrunni eins og til dæmis köngla, prik, krossfisk og horn sem persónur í sögunni. Í framhaldinu byrjaði MacDonald að nota söguna sjálf í eigin starfi, auk þess sem að hún er að reyna að fá Búkollu útgefna í Bandaríkjunum.



ÓMETANLEGT VEGANESTI ÚT Í LÍFIÐ

Allir nemendur í sjöunda bekk eiga þess kost að taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Markmiðið er að vekja athygli nemenda á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er samt aukaatriði, einblínt er á þátttöku barnanna.





Hið talað mál verður oft útundan í skólastarfi, þrátt fyrir ákvæði í Aðalnámskrá. Stóra upplestrarkeppnin, sem haldin er ár hvert, gefur kennurum tækifæri til að rækta talað mál með nemendum sínum.

„Það er mikið vandaverk að fá feimin börn til að koma fram án þess að skaða sálina. En þeim mun meiri sigur vinnst ef það tekst. Sá sigur mun verða barninu ómetanlegt veganesti út í lífið.“ Á þennan hátt er spurningunni „á barnið mitt að vera með í Stóru upplestrarkeppninni?“ svarað í bæklingi þar sem keppnin er kynnt. Saga keppninnar hófst veturinn 1996 – 1997 þegar rúmlega

200 nemendur í sjöunda bekk í Hafnarfirði og á Álftanesi tóku

þátt í nýrri upplestrarkeppni.

Viðburðurinn óx hratt og sex árum síðar voru keppendur orðnir um 4.500. Keppnin lifir ennþá og stendur í dag öllum 7. bekkungum landsins til boða. Hún hefst ár hvert á Degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember, og stendur fram í mars þegar haldnar eru lokahátíðir og þrír bestu upplesararnir eru valdir í hverju byggðarlagi. Markmiði keppninnar er líklega hvergi

„Hið talað mál verður oft útundan í skólastarfi þrátt fyrir ákvæði í aðalnámskrá. Upplestrarkeppnin er eitt af fáum tækifærum sem kennarar hafa til að rækta talað mál með nemendum sínum með skýr markmið að leiðarljósi“.

Úr bæklingi um Stóru upplestrarkeppnina.

betur lýst en á heimasíðu hennar. Þar segir að henni sé ætlað „... að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er í rauninni aukaatriði og forðast skyldi að einblína á sigur. Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og fái





Rúmlega 4.500 nemendur í sjöunda bekk grunnskóla taka árlega þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju.“

Öll þessi ár hefur félagið „Raddir – samtök um vandaðan upplestur og framsögn“ staðið að stóru upplestrarkeppninni. Formaður þess er Ingibjörg Einarsdóttir, en hún segir að henni hafi lengi fundist framsögn og tjáning liggja utangarðs í móðurmálskennslu. „Ég er menntaður íslenskufræðingur og hef sérhæft mig í framsögn og tjáningu. Þegar keppnin fór í gang var ég formaður Félags móðurmálskennara og hafði haldið námskeið um þennan þátt móðurmálskennslunnar nokkur sumur í röð. Þau námskeið þróuðust í þessa átt, þ.e. Stóru upplestrarkeppnina.“

Þýðingarmikil keppni

Ingibjörg leggur áherslu á að frekar sé um að ræða hátíð en eiginlega keppni. Mikil vinna sé hins vegar að baki henni sem fari að stórum hluta fram í sjálfbóðaliðastarfi. „Undirbúningurinn



hefst haust hvert á því að send eru bréf á allar skólaskrifstofur landsins þar sem beðið er um að tilnefndur verði umsjónarmaður með keppninni. Í framhaldi tekur við skráning og ýmis annar undirbúningur en honum þarf að vera lokið í enda október. En verkin eru miklu fleiri. Við höfum til að mynda látið prenta veggspjöld sem send eru á alla sjöunda bekki landsins auk þess sem við veljum sjálf allt lesefni keppinnar, bæði ljóð og annan texta. Það er reyndar gaman að segja frá því að síðustu sex ár hefur Félag íslenskra bókaútgefenda látið sérprenta ljóðabók þess höfundar sem við veljum og þau börn sem koma fram á lokahátíðum keppinnar fá þessa bók afhenta,“ segir Ingibjörg. Hún segir keppnina afar þýðingarmikla. „Við eigum úttekt á verkefninu sem var gerð árið 2008 og niðurstaða hennar er að kennarar álíta að öllum markmiðum sem við settum okkur í upphafi hafi verið náð. Það helsta var að ýta undir þennan þátt móðurmálskennslunnar, það er tjáningu og framsögn. Við vildum með öðrum orðum tryggja að nemendur gætu lesið móðurmálið fallega og við höfum séð þróun í þá átt. En keppnin hefur líka ýtt undir sjálfstraust nemenda og þar með er hún orðin einhvers konar forvarnarverkefni. Sem dæmi um slíkt höfum við heyrt frá framhaldskólakennurum að nemendur sem ná árangri í keppninni séu tilbúnari en aðrir til að tjá sig í hópum og standa upp og standa fyrir máli sínu fyrir framan aðra. Það er auðvitað afar skemmtilegt.“

Litla upplestrarkeppnin

Á fimmtán ára afmæli Stóru upplestrarkeppinnar var ákveðið að fara af stað með annað verkefni sem fékk einfaldlega nafnið „Litla upplestrarkeppnin“. Hún er hugsuð fyrir nemendur í fjórða bekk grunnskóla. Það verkefni hófst fyrir fjórum árum í Hafnarfirði, en í fyrra tóku um 50 skólar víðs vegar um landið þátt. „Þar leggjum við áherslu á að allir sem taki þátt séu vinningshafar og við ljúkum keppninni með hátíð þar sem mömmum, pöbbum, öfum og ömmum er boðið. Það verkefni er líka afar skemmtilegt og ég vona að það eigi eftir að vaxa og dafna á komandi árum,“ segir Ingibjörg.

VERK FALLSBROT OG VIÐURLÖG VIÐ ÞEIM

S

Samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er þeim sem verkfall beinist gegn óheimilt að stuðla að því að afstýra því með aðstoð einstakra félagsmanna þess félags sem að verkfallinu stendur. Framhaldsskólakennarar voru sem kunnugt er í þriggja vikna verkfalli á síðasta ári í aðdraganda kjarasamningsins þann 4. apríl og á þeim tíma var stéttinni óheimilt samkvæmt lögum að sinna verkum sem tengdust starfi þeirra og skyldum. Þar með talið voru ferðir með nemendur sem hafa færst mjög í vöxt á liðnum árum.

Vitað er að nokkrir skólar voru með slíkar nemendaferðir fyrirhugaðar þetta vor, ýmist tengdar einstaka kennslugreinum eða sérstökum verkefnum. Í einhverjum tilfellum var um að ræða styrkt verkefni úr nemendaskiptasjóðum eða samstarfssjóðum eins og Comeniusi (menntaáætlun ESB).

Verkfallsstjórn var ætlað að hafa eftirlit með að lög og reglur væru virt á meðan verkfall stóð yfir og alveg ljóst að engar undanþágur voru veittar frá verkfallsreglum vegna nemendaferða, enda engar undanþáguheimildir í lögum utan þess sem varðar mannslíf eða almannaeið.

Ótvírætt verkfallsbrot

Einu máli vísaði verkfallsstjórn sérstaklega til stjórnar félagsins er varðaði meint verkfallsbrot tveggja kennara sem fóru þvert á tilmæli verkfallsstjórnar til útlanda með nemendur í miðju verkfalli. Rökin voru þau að nemendurnir væru sjálfráða og kennararnir myndu ekki veita neina þjónustu eða bera nokkra ábyrgð á þeim á meðan að verkfallið stóð yfir. Nokkur bréf gengu milli stjórnar og viðkomandi skóla varðandi rökstuðning og skýringar á meintu broti en svo fór að stjórn vísaði málinu til umsagnar Gísla Hall lögmanns og óskaði álits hans á næstu



**Guðríður
Arnardóttir**
formaður Félags
framhaldsskóla-
kennara



skrefum í málinu. Niðurstaða Gísla var nokkuð afdráttarlaus og byggði á svörum skólans við spurningum stjórnar varðandi umrædda ferð. Taldi Gísli að skólinn hefði gerst sekur um verkfallsbrot með téðri ferð kennaranna.

Næst var að ákvarða næstu skref í málinu er varðaði kæruleiðir. Almennt er málum af þessum toga vísað til Félagsdóms og þá helst ef verkfallsbrot grundvallast á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er þá Félags-

„Einu máli vísaði verkfallsstjórn sérstaklega til stjórnar félagsins er varðaði meint verkfallsbrot tveggja kennara...”

dóms að dæma í málum og ákvarða sektir. Við þessa rýni Gísla og samanburð á annars vegar lögum nr. 80/1938 sem gilda um almenna vinnumarkaðinn og hins vegar lögum nr. 94/1996 um opinbera starfsmenn var það niðurstaða hans að verkfallsbrotum opinberra starfsmanna væri ekki hægt að vísa til Félagsdóms, heldur yrðu slík mál eingöngu rekin fyrir almennum dómstólum og þá að uppfyllt-

um almennum réttarfarsskilyrðum. Slíkt myndi lúta reglum opinbers réttarfars þar sem yrði að kæra atvikið til lögreglu og krefjast þess að gefin væri út ákæra samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Lögregla en ekki Félagsdómur

Stjórn FF fór vandlega yfir niðurstöðu Gísla þar sem það var mat stjórnar að verkfallsbrot yrðu ekki liðin, enda til þess fallin að draga mátt úr þeirri nauðvörn sem verkfallsrétturinn er. Hins vegar hafa fáir ef nokkur rýnt jafn ítarlega í lagabókstafinn hvað þetta varðar og kom á óvart að verkfallsbrotum opinberra starfsmanna þarf að vísa til lögreglu og almennra dómstóla en ekki Félagsdóms. Niðurstaða stjórnar FF var sú að í þetta skiptið yrði málið látið niður falla en komi til verkfalls aftur mun fordæmið sem þetta mál skapaði verða kynnt vandlega og félagsmönnum gerð grein fyrir alvarleika verkfallsbrota og að þau verði ekki liðin í framtíðinni.

Nú kann að vera að einhverjum finnist ákvörðun stjórnar bitlaus. Það má vera en það eru þung spor að kæra félagsmenn





Framhaldsskólakennarar sýndu almennt mikla samstöðu þegar þeir lögðu niður störf í vor. Fjöldi kennara safnaðist daglega saman í verkfallmiðstöð sem komið var upp í Framheimilinu í Reykjavík. Þrátt fyrir almenna samstöðu eru engu að síður dæmi um að kennarar hafi brotið þær leikreglur sem þeim voru settar í verkfallinu.

og samherja til lögreglu og í anda þeirra laga sem gilda um kjör og aðstæður opinberra starfsmanna töldum við mikilvægt að virða meðalhófsregluna og þá þannig að félagsmönnum væri gerð rækilega grein fyrir alvarleika þess að brjóta lög í verkfalli, og hvaða afleiðingar slíkt hefði. Þetta mál reyndi á þá kennara sem voru aðilar að málinu og það reyndi líka á stjórn félagsins. En þetta mál er til að læra af eins og svo margt sem á vegi okkar verður í lífinu.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLU ÞARF AÐ SETJA Í FORGANG

Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar á Íslandi eins og skýrt er kveðið á um í sameiginlegum hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þar segir til um mikilvægi jafnréttis í víðu samhengi og að jafnrétti þurfi að kenna með einum eða öðrum hætti á öllum skólastigum til jafns við aðra grunnþætti menntunar. En með hvaða hætti er árangursríkast/best að kenna jafnrétti í skólum landsins þannig að börn og ungmenni viti almennt hvað jafnrétti er? Hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til að jafnréttismenntun verði komið á?

Allt frá því í fyrstu jafnréttislögum sem sett voru á Íslandi árið 1976 hefur verið kveðið á um að jafnréttisfræðsla skuli fara fram á öllum skólastigum. Þessu hefur því miður ekki verið framfylgt nema að mjög takmörkuðu leyti þar sem kynjafræði hefur aðeins verið kennd sem valfag í hluta framhaldsskólanna frá árinu 2007 og í örfáum grunnskólum. Í 23. grein núgildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna segir jafnframt að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi og að kennslu- og námsgögn skuli þannig úr garði gerð að kynjunum sé ekki mismunað.

Fáar vísbendingar eru um að unnið sé að fullu eftir jafnréttislögum og aðalnámskrá hvað jafnrétti varðar og e.t.v. má ætla að sá grunnþáttur verði að einhverju leyti afgangsstærð hjá okkur og mæti jafnvel andstöðu. Að þessu gefnu þarf sérstaklega að huga að grunnþættinum jafnrétti svo sá þáttur verði ekki jaðarsettur í íslensku skólakerfi.

Samkvæmt aðalnámskrá er jafnrétti regnhlífahugtak sem nær til fjölmargra þátta svo sem kyns, litarháttar, trúarbragða, tungumála, ættarnis og þjóðernis. Jafnréttisfræðsla sem byggð





Kynjafræði hefur aðeins verið kennd sem valfag í hluta framhaldsskólanna frá árinu 2007 og í örfáum grunn-skólum. Mynd úr safni.

LJÓSMYND / STYRMIR KÁRI

er upp á stuttum fræðsluerindum eða átaki í ákveðinn tíma kemur ekki í stað markvissrar jafnréttismenntunar sem er samofin öllu skólastarfinu, bæði því formlega og óformlega. Það er því að mörgu að hyggja þegar kemur að því að setja niður með hvaða hætti samþættingin skuli unnin. Hvert skólastig þarf að skapa sér vettvang til að ræða jafnréttismál og marka því næst stefnu um hvaða leiðir séu færar til að markmið jafnréttismenntunar náist.

En hver eiga markmið jafnréttismenntunar að vera? Samkvæmt aðalnámskrá á hún að fela í sér „gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og unglingum að greina aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra“ (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, 2011: 20).

Einnig er vert að hafa í huga að í þeim menntastofnunum sem útskrifa kennara er jafnréttisfræðsla ekki skyldufag.



Hvernig eiga kennarar að kenna nemendum að greina kringumstæður og fordóma í samfélaginu sem geta leitt til mismununar og forréttinda ef þeir hafa enga fræðslu fengið um málefnið?

Því hefur löngum verið haldið fram að til að ná jafnrétti þurfi að breyta viðhorfum fólks – flestir eru líklega sammála því. Hér er skorað á skóla- og menntayfirvöld á Íslandi að setja það í forgang að innleiða jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

Hvernig eiga kennarar að tryggja að bæði stúlkur og drengir eigi sem jafnasta og víðtækasta möguleika í námi og skólastarfi ef þeir þekkja ekki þær hindranir sem viðteknar hugmyndir samfélagsins setja kynjunum?

Því hefur löngum verið haldið fram að til að ná jafnrétti þurfi að breyta viðhorfum fólks – flestir eru líklega sammála því. Hér er skorað á skóla- og menntayfirvöld á Íslandi að setja það í forgang að innleiða jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

Til að sýna stuðning í verki og þrýsta á þessa vegferð sendi jafnréttisnefnd KÍ nú í upphafi árs frá sér hvatningu til stjórnenda í framhaldsskólum um að gera kynja- og jafnréttisfræðslu að skyldufagi. Nefndin hyggst einnig vekja máls á erindinu við stjórnendur annarra skólagerða og halda á lofti umræðu um mikilvægi þess.

Jafnréttisnefnd KÍ,

Guðrún Jóhannsdóttir

(fulltrúi FS, FSL og SÍ) formaður,

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir

fulltrúi FF,

Kolbrún Guðmundsdóttir

fulltrúi FG

Sjöfn Kristjánsdóttir

fulltrúi FL

LÆSI Í LEIKSKÓLA



Á síðustu árum hafa fræðimenn í auknum mæli beint sjónum að mikilvægi frumberskunnar og fyrstu árána í tengslum við þroska máls og læsis. Flestir eru nú sammála um að málþroski barna hefst í móðurkviði þar sem börn byrja að greina utanaðkomandi hljóð eins og rödd móður. Eftir fæðingu tekur síðan við næmiskeið máltöku sem talið er standa til tólf ára aldurs, þó ekki megi gleyma því að málþroski einstaklinga er í mótun alla ævi. Nýlegar rannsóknir sýna þó að aðalnæmiskeiði málþroskans sé jafnvel lokið um sex ára aldurinn og að sá munur sem mælist á málþroska barna á þessum fyrstu árum haldist óbreyttur ef ekki er gripið inn í með markvissum aðgerðum.

Langflest börn hér á landi hefja skólagöngu sína í leikskólum en þar er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem býr þau m.a. undir lestrarnám seinna meir. Oft er hugtakið bernskulæsi (e. emergent literacy) notað yfir það ferli sem á sér stað á þessum árum. Það felur í sér ákveðna þekkingu og færni en líka viðhorf sem þróast í nánnum tengslum við það mál- og læsisumhverfi sem börnum er búið heima fyrir og í leikskólanum. Í leikskólanum þarf að vinna með og örva alla þætti málsins; orðaforða, stafabekkingu, hljóðkerfisvitund, máltjáningu, hlustun og hljóðkerfisvitund og byggja upp færni barna til að skilja og nota tungumálið.

Hafa þarf í huga að málskilningur og hlustunarskilningur barna þróast yfir í lesskilning en góður lesskilningur skiptir mestu máli við að ná tökum á flóknum orðaforða námsefnis í efri bekkjum grunnskóla. Fræðimenn hafa bent á að börn sem koma í leikskólann með góða forgjöf, þ.e. búa við ríkt og gefandi málumhverfi innan fjölskyldunnar og eiga foreldra sem þekkja orðræðu leikskólans, nái góðum árangri hvort sem málumhverfi leikskólans er ríkt og gefandi eða ekki. Þetta á síður við um börn sem koma í leikskólann án þessarar forgjafar en þar geta starfsaðferðir leikskólans og þekking leikskólakennara skipt sköpum.



Fríða Bjarney Jónsdóttir,
verkefnastjóri
fjölmennigar

Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir
þróunarfylltrúi.
Báðar starfa á
skóla- og frístunda-
sviði Reykjavíkur-
borgar og eru
félagsmenn í Félagi
stjórnenda leik-
skóla.

Málþroski verður ekki til í tómarúmi

Leikurinn er námsleið leikskólans og hann nýta leikskólakennarar á markvissan hátt, m.a. með því að leggja áherslu á kennslufræðilegan leik (e. educational play) þar sem kennarinn leggur inn verkefni, hugmynd eða efnivið með ákveðið námsmarkmið að leiðarljósi. Samhliða því að lagt er upp úr því að nýta reynslu, áhuga og leikgleði barnanna, eru námsmarkmiðin skýr. Til þess að leikur barna feli í sér nám og ýti undir aukna forvitni og þekkingarleit þurfa þau að hafa aðgengi að fjölbreytt-

um efniviði, þekkingu og færni leikskólakennara sem m.a. felur í sér að litið er á tungumálið sem lifandi og skapandi verkfæri.

Aukinn málþroski og læsi leikskólabarna er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri sem snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og verður ekki til í tómarúmi heldur í samskiptum við önnur börn og fullorðna. Börn sem eru að þroska mál sitt og læsi þurfa raun-

veruleg viðfangsefni og samræðu um merkingu; reynsla skapar skilning en ef barn vantar orð eða tjáningarform til að lýsa reynslu sinni og tilfinningum getur það ekki tjáð upplifun og ef það hefur ekki upplifað og öðlast reynslu skortir skilning.

Mikilvægt er að fylgjast með framförum barna í málþroska og læsi og bregðast við með markvissum hætti þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska. Eitt af þeim verkfærum sem leikskólakennarinn notar til að kortleggja framfarir barna í málþroska og læsi eru uppeldisfræðilegar skráningar. Þá fylgist leikskólakennarinn með leiknum og skráir framfarir barnanna í máli og myndum, safnar verkum þeirra og byggir á reynslu



„Leikskólinn er í lykilstöðu til að finna og vinna sérstaklega með þeim börnum sem ekki búa við ríkt og gefandi málumhverfi,“ segir í grein Fríðu Bjarneyjar og Ingibjargar Margrétar.



þeirra og styrkleikum í áframhaldandi námi. Í gegnum skráningar er fylgst með því að öllum börnum fari stöðugt fram í öllum þáttum máls og varast að einblína á einstaka þætti umfram aðra. Þó ber að hafa í huga að með rannsóknum hefur verið sýnt fram á að ákveðnir þættir hafi forspárgildi og skipti máli fyrir lestrarnám barna síðar meir, en þeir þættir eru orða-

forði, hljóðkerfisvitund og bók-stafabekking.

Einn mikilvægasti liðurinn í almennri málörvun í leikskólanum er að lesa fyrir börn og venja þau við bækur og ritmál, ekki síst þau börn sem vitað er að lítið er lesið fyrir heima. Barnabókmenntir skipa stóran sess í daglegu starfi leikskóla auk þess sem söngur, rímur, þulur og ljóð efla hljóðkerfisvitund, minni og mál-skilning, auka orðaforða og æfa

Með því að skapa sameiginlega ábyrgð foreldra og leikskóla um málþroska og læsi frá fyrsta degi getur leikskólinn stutt foreldra við að búa börnum sínum sem best málumhverfi, bæði á leikskólaárunum og þegar grunnskólinn tekur við.

framburð. Lestrar- og söngstundir þurfa að stuðla að jákvæðum viðhorfum barnanna til lestrar og tungumálsins. Þeim þarf að skapa notalega umgjörð og þær þurfa að haldast í hendur við áhuga barnanna, gleði yfir viðfangsefninu, reynslu og trú á eigin getu.

Mannleg samskipti eru hjartað í menntun

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að læsi sé forsenda lýðræðis í samfélagi þar sem einstaklingar þurfa að hafa skoðanaskipti og upplifa sig sem áhrifavalda. Góður grunnur í málþroska og læsi er líklega sterkasta vopnið sem hver og einn hefur til þess að auka tækifæri sín til raunverulegrar lýðræðislegrar þátttöku og ná árangri í námi.

Í leikskólanum þarf að huga að því hvernig stefnumótun, viðhorf og væntingar stýra því hverjir eru virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og hverjir eru það ekki. Mikilvægt er að fylgjast með framförum allra barna í málþroska með það að markmiði





að grípa inn í og gera börn að þátttakendum en ekki áhorfendum.

Athyglisvert er að skoða niðurstöður rannsóknar Þórdísar Þórðardóttur á menningarläsi leikskólabarna en hún sýndi fram á að ákveðin börn í leikskólanum, t.d. börn með annað móðurmál en íslensku, væru jaðarsett í samræðum um ýmislegt sem tengdist barnamenningu. Þórdís sýnir fram á það hvernig börnin reyna að eignast rödd í barnahópnum en tekst það ekki þrátt fyrir góðan vilja leikskólakennaranna. Hún lýsir því hvernig ákveðin börn eru útilokuð úr barnahópnum, það er ekki tekið mark á því sem þau segja og önnur börn líta ekki einu sinni í átt til þeirra þegar þau tala. Þá sýna myndbandsupptökur að það sé eins og börnin geri með sér þögult samkomulag um það í upphafi samræðustunda hverjir tjá sig og hverjir ekki.

Fræðimaðurinn Jim Cummins hefur bent á að mannleg samskipti í skólastarfi séu hjartað í allri menntun, og þau völd og staða sem börn öðlist í barnahópnum í gegnum samskipti við kennara hafi áhrif á möguleika þeirra til að ná árangri. Sum börn eru þannig á heimavelli í málumhverfi leikskólans á meðan



RUSLAPOKI

Það er ruslapoki á jörðinni.

Það var einhver að gleyma sér og henti honum bara þangað.

Kannski er hann bara að þykjast vera ekki lifandi en er bara alltaf lifandi.

Höf: Sara Sæmunds-dóttir, leikskólabarn í leikskólanum Garðaborg.

Önnur börn þurfa að leggja miklu meira á sig til að rödd þeirra heyrist. Með góðri samvinnu allra í leikskólanum er hægt að þróa vinnubrögð og markvissan stuðning við málþroska og læsi sem kemur í veg fyrir þessa jaðarsetningu og hefur það að markmiði að tryggja að öll börn eignist rödd, mál og læsi.

Sameiginleg ábyrgð foreldra og leikskóla um málþroska

Ekki er hægt að láta umfjöllun um mál og læsi leikskólabarna lokið án þess að fjalla sérstaklega um samstarf við foreldra. Eins og vikið var að hér að framan þá býr ákveðinn hópur barna við vissa forgjöf varðandi mál og læsi þegar í leikskólann er komið. Leikskólinn er í lykilstöðu til að finna og vinna sérstaklega með þeim börnum sem ekki búa við ríkt og gefandi málumhverfi. Með því að skapa sameiginlega ábyrgð foreldra og leikskóla um málþroska og læsi frá fyrsta degi getur leikskólinn stutt foreldra við að búa börnum sínum sem best málumhverfi, bæði á leikskólaárunum og þegar grunnskólinn tekur við.

Foreldrar sem fá jákvæð og styðjandi skilaboð ásamt gagnvirkum samræðum um málþroska og læsi barna sinna, framfarir þeirra, þarfir og styrkleika eru líklegri til þess að verða samstarfsaðilar leikskólans. Í þeim tilfellum þegar börn eiga annað móðurmál en íslensku getur viðhorf og vinna leikskólans með móðurmál þeirra og stuðningur við foreldra stuðlaða að virku tvítyngi barna, þ.e. að um leið og barnið nær auknum tókum á íslensku þá haldi það áfram að þróa og efla móðurmálið. Þannig er komið í veg fyrir málskipti sem geta haft afdrifarík áhrif á málþroska, frekara nám og tengsl barna við fjölskyldur sínar síðar á lífsleiðinni.

Leikskólakennarar sem átta sig á mikilvægi þess að skoða í bakpoka barnanna í leikskólanum og byggja námið á þeirri trú að öll börn geti náð árangri og eignast rödd um leið og þeir skoða eigin aðferðir, viðhorf og sýn eru þannig dýrmætur hlekkur í að tryggja læsi í samfélaginu.

Greinin byggir á Lesið í leik, læsisstefnu leikskóla Reykjavíkurborgar

SAUÐKINDIN Í ÖLLU SÍNU VELDI

List- og verkgreinar eru í hávegum hafðar í Egilsstaðaskóla. Á haustdögum unnu nemendur sjötta bekkjar margvísleg verkefni tengd sauðkindinni. Þemaverkefni af þessu tagi auka vinnugleði og gera skólastarfið fjölbreytt og skemmtilegt.

Sauðkindin var þema verkefnis sem nemendur 6. bekkjar í Egilsstaðaskóla unnu af krafti á haustdögum. Verk- og listgreinum er gert hátt undir höfði í skólanum og sú hefð hefur skapast að sjöttubekkingar vinni að einu slíku þemaverkefni. Kennarar í list- og verkgreinum standa ævinlega að verkefninu en á þessu skólaári bættust umsjónarkennarar og kennarar í upplýsingatækni í hópinn.

Verkefninu var hleypt af stokkunum í september og því lauk í síðustu viku nóvembermánaðar. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að nemendum var skipt í fjóra hópa og þeir „rúlluðu“ síðan á milli list- og verkgreina, fimm skipti í senn. Unnið var að mismunandi útfærslu sauðkindarinnar í textíl, smíðum og myndmennt. Nemendurnir fóru í líka í eldhúsið og elduðu og

smökkuðu ýmsan mat úr sauðfjárafurðum, allt frá þjódlegum réttum á borð við sviðuasultu og til nútímalegs pottréttar.



Útilistaverk þar sem sauðkindin skartar sínu fegursta, unnin að mestu úr áli. Listaverkið var samvinnuverkefni allra nemenda sjötta bekkjar. Myndirnar tók Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir.

Samhliða unnu nemendur að verkefnum með umsjónar-kennurum; teiknuð voru upp hugarkort þar sem skoðuð voru til dæmis hin fjölmörgu litaafbrigði sauðkindarinnar, nafngiftir og störf tengd sauðfjárrækt. Þá tóku nemendur viðtöl við unga og gamla sauðfjárbændur sem síðar urðu kveikjan að „leikþáttum“ eða stuttum sam-tölum sem mögulega gætu átt sér stað í réttum eða við sauðburð svo dæmi séu tekin.



Sköpunargleði og kraftur einkenna þessi fallegu verk.

Í upplýsingatækni fengu nemendur að velja sér viðfangsefni sem þeir útfærðu eftir eigin höfði. Meðal annars bjuggu nemendur til bæklinga og myndbönd. Sýndir voru leikir sem tengjast sauðkindinni, fjallað var um hjátrú og sauðapjófa og sagðar sögur af forystukindum.

Í lokin var efnt til mikillar sýningar í skólanum og var foreldrum, ömmum og öfum, fólki úr nærsamfélaginu og þeim sem veittu viðtöl boðið að koma og skoða. Listmunir krakkanna voru til sýnis, leikþættir fluttir og að sjálfsögðu

var gestum og gangandi boðið upp á ljúffenga kjötsúpu og bollur að hætti hússins. Rúsinan í pylsuendanum var afhjúpun útlista-verks sem nemendur unnu í sameiningu. Að sjálfsögðu var það blessuð sauðkindin í fullri stærð – að mestu unnin úr áli.

Þemaverkefni af þessu tagi hefur margt gott í för með sér – ekki síst aukna vinnugleði og fjölbreyttara og skemmtilegra skólastarf.

Fjóla Ottósdóttir

umsjónarkennari í Egilsstaðaskóla.



ÞÆGILEG LEIÐ TIL AÐ HALDA UTAN UM HUGMYNDIR

Fjóla Þorvaldsdóttir, sérkennari og sérfræðingur í upplýsingatækni, er öflug þegar kemur að notkun samfélagsmiðla í öllu því er lýtur að kennslu og skólamállum. Fjóla hefur safnað saman á Pinterest-vefnum miklu magni af allra handa hugmyndaefni sem hentar til kennslu.

„Ég nota Pinterest vegna þess að mér finnst það þægileg leið til að halda utan um góðar hugmyndir sem ég finn á ferðum mínum um netheima. Þetta á jafnt við hugmyndir sem ég get nýtt í starfi og í einkalífinu,“ segir Fjóla en hún kynntist Pinterest fyrst þegar hún sótti námskeið í upplýsingatækni í Tralee á Írlandi sumarið 2013. „Það var samt ekki fyrr en síðasta sumar sem ég fór að nota vefsvæðið



mitt af því. Það sem er svo þægilegt við Pinterest er að allir geta „pinnað“ efni frá öllum. Þannig er ekkert mál að elta fólk sem hefur svipuð áhugasvið og sjá hvað það er að „pinna“.

Fjóla segist til dæmis fylgjast með öðrum notendum sem hafa áhuga á handavinnu annars vegar og spjaldtölvukennslu hins vegar. „Ég get skoðað jafnóðum hvort efnið er eitthvað sem hentar mér og ef svo er þá set ég það á mína síðu. Ég mæli með því að kennarar gefi Pinterest gaum og skoði hvort þar sé ekki efni sem gæti gagnast þeim í starfi,“ segir Fjóla.

Á *Pinterest-svæði Fjólu* er að finna ýmis „borð“ þar sem safnað hefur verið saman stærðfræðiöppum, skapandi öppum og öppum sem eru sérsniðin að útikennslu.

DEILA HUGMYNDUM



Kennarar nemenda með íslensku sem annað tungumál nefnist áhugaverður hópur á Facebook. Þátttakendur eru tæplega átta hundruð talsins. Fjórugar umræður eru í hópnum og kennarar vítt og breitt skiptast á hugmyndum sem gagnast í skólastarfinu. Það er um að gera að kíkja á [þennan hóp](#) og skiptast á skoðunum, leggja til hugmyndir og fá aðrar frá kollegum í skólastarfinu.


ERLENDIR NEMAR

BOÐNIR VELKOMNIR

Nýtt samskiptatæki til að auðvelda skólum móttöku, aðlögun og samskipti við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku er nú að finna á vef Tungumálatorgs. Vefurinn kallast „*Velkomin*“ sem er vel við hæfi og hefur að geyma efni á íslensku, arabísku, ensku, litháísku, pólsku og spænsku.

Efninu er skipt upp í nokkra flokka og tekin dæmi um orðaforða sem nýtist við ýmis tilefni.

Áhersla er lögð á að efnið sé aðgengilegt í hinum ýmsu snjalltækjum en hægt er að nálgast upplýsingar um vefefnið [hér](#).



FJÖLMIÐLUNARKENNSLA MEÐ FRJÁLSUM HUGBÚN- AÐI — ER ÞAÐ GÓÐ HUG- MYND?

Fjölmarginir skólar bjóða upp á fjölmiðlanámskeið þar sem nemendur fá tækifæri til að spreyta sig á sem flestum verkefnum tengt fjölmiðlun. Hver veit nema næsti Helgi Seljan leynist meðal nemenda þinna? En hvað þarf í slíka kennslu? Til að byrja með þarf eflaust hæfan kennara. Nóg er til af þeim, vona ég. Svo þurfa nemendur tæki og tól til að vinna verkefnin hvort sem er í myndbandagerð, blaðaútgáfu, tónlistarútgáfu eða á vefmiðli.

Nemendur verða að hafa aðgang að tölvum og forritum til að klippa myndskeiðin í skemmtilegar fréttir eða vinna ljósmyndir og nota í tímaritið sem verið er að setja upp. Oftar en ekki eru þetta dýr leyfisskyld forrit, og greiða þarf fyrir notkunina árlega. Hugsanlega hefur skólinn einungis bolmagn til að hafa eina tölvu með viðeigandi hugbúnaði. Ekki er kostnaðarlega raunhæft að hafa forritin á mörgum tölvum og borga mörgum sinnum fyrir Adobe InDesign, Corel Draw, Photoshop, FinalCut, Quark og ProTools eða hvað sem þau nú öll heita þessi forrit. Þó að hægt sé að komast ansi langt á Microsoft Publisher og Movie Maker, myndum við seint telja að nemendum væri góður grunnur búinn í fjölmiðlunarvinnslu með notkun á þeim hugbúnaði eingöngu.

Nýtum búnaðinn sem er til staðar

Skólar á Íslandi þurfa að bjóða upp á besta mögulega lærdómsumhverfi fyrir nemendur og oftar en ekki hafa þeir takmarkað fjármagn að móða úr. Einnig má búast við því að



**Birgir Freyr
Birgisson**
ljósmyndari





Skjámynd af viðmóti
Ubuntu-hugbúnaðar-
pakkans.

Væri samt ekki
gaman að geta
fengið öll flottustu
frjálsu fjölmiðafor-
ritin í einum pakka

tölvukostur skólans sé ekki sá allra nýjasti með öflugum fjór-
kjarna Intel-örgjörvum og Nvidia fjögurra „gígabæta“ súper
dúper skjákorti sem hellir upp á espresso á meðan nýjasta
myndskeiðið er „renderað“. Nei, sennilega er verið að spara
aurinn og nýta þann vélbúnað sem skólinn hefur kost á hverju
sinni.

Hvað er þá hægt að gera? Hvað með allt
þetta þras um frjálsan hugbúnað? Er eitthvað
hægt að finna þar? Hvað með að kíkja á þetta
Linux-dæmi? Stutt leit á Google að „open
source multi media software“ kemur með
ýmsar áhugaverðar niðurstöður. Væri samt
ekki gaman að geta fengið öll flottustu frjálsu
fjölmiðaforritin í einum pakka og þurfa ekki
að sækja hugbúnaðinn á marga staði og berjast við að setja upp
í tölvunni og hvaðeina? Það er nú þegar hægt. Ubuntu Studio
heitir pakinn og það besta er að hann kostar ekki krónu. Það
eru engin leyfisgjöld og það má setja hann upp á eins margar
tölvur og fólk vill. Ubuntu Studio er frjálst og ókeypis stýrikerfi

fyrir skapandi fólk. Hvort sem markmiðið er grafísk vinna, þrívíddarteikningar, tímaritagerð, ljósmyndun, kvikmynda-klipping, upptaka og útgáfa á hljómplötu eða gerð næstu stóru kvikmyndarinnar þá er Ubuntu Studio með svarið. Og þar sem hugbúnaðurinn er frjálss og ókeypis er hægt að búa til fjölda afrita af stýrikerfinu og gefa nemendum. Hver og einn væri þá með sama hugbúnaðinn heima hjá sér. Þá koma allir að sama borði óháð fjárhag fjölskyldunnar og félagslegum aðstæðum.

Ekki hafa áhyggjur, það þarf ekki að henda út Windows-stýrikerfinu sem kom með tölvunni. Hægt er að setja Ubuntu Studio upp á tölvur samhliða Windows-stýrikerfi. Þegar kveikt er á tölvunni velur notandinn hvort hann ætlar í Ubuntu Studio eða Windows.

Kostar ekkert

Ubuntu Studio virkar einnig vel með eldri vélbúnaði, í það minnsta keyrir Ubuntu Studio eins og ekkert sé á 7 ára gömlu Asus-fartölvunni minni. Það eina sem ég þurfti að gera var að sækja Ubuntu Studio af vefsíðu þeirra, www.ubuntustudio.org, skrifa Iso-skjalið á DVD-disk og endurræsa vélina með diskinn í geisladrifinu. Rúmlega hálf tíma seinna var tölvun tilbúin með Ubuntu Studio ásamt öllum nauðsynlegum margmiðlunarforritum.

Nú hefur sennilega einhver spurt sig: „Gæti notkun á frjálsum hugbúnaði ekki gert nemendum erfitt að læra á (dýr) leyfisskyld margmiðlunarforrit sem fyrirtæki nota?“ Þvert á móti. Frjálss hugbúnaður gefur nemendum góðan grunn sem byggja má ofan á, þar sem vinnuferlið þar er sambærilegt við leyfisskyld forrit. Svo eru fjölmörg fyrirtæki sem nota eingöngu frjálssan hugbúnað í sinni sköpun. Farðu á www.birgir.org og sjáðu hvaða fyrirtæki vinna að sköpun með frjálsum hugbúnaði og hvað hægt er að gera.

Já, kæri lesandi, ekki er þörf á að bíða eftir fjárveitingu frá ríkinu eða samþykki þeirra sem halda utan um budduna hjá sveitarfélaginu. Hægt er að efla fjölmiðlakennslu í skólum landsins strax í dag. Það eina sem þarf að gera er að setja upp Ubuntu Studio og byrja að vinna.

FÉLAGINN SIGURÐUR SIGURJÓNSSON (43 ÁRA)

RÓLEGT LUNDARFAR ER BÆÐI KOSTUR OG ÓKOSTUR

Sigurður Sigurjónsson segir mörg verkefni fram undan hjá Félagi stjórnenda leikskóla. Hann er stoltur yfir fregnum um mikla ánægju foreldra með leikskólastarf á Akranesi. Hann er rólegur að eðlisfari og hlustar á Nýdönsk og BB King þessa dagana.

HVER: Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri leikskólans Akrasels og varaformaður Félags stjórnenda leikskóla.



Hver eru helstu verkefnin fram undan hjá Félagi stjórnenda leikskóla? Það er mikið að gerast hjá okkur og enn meira þegar kjarasamningar eru gerðir til árs í senn. Við erum að leggja lokahönd á verkefni, sem unnið var með Félagi leikskólakennara og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um framtíðarsýn allra hagsmunaaðila leikskólans. Svo eru að fara af stað viðræður við Sambandið samkvæmt samþykkt í síðasta kjarasamningi.

Af öðrum verkum má nefna að við erum að undirbúa námstefnu FSL sem áformað er að halda í apríl. Auk þess er

unnið að undirbúningi ráðstefnu þar sem fjallað verður um þátttöku karla í leikskólastarfi. Við vinnum að þessu með Félagi leikskólakennara og Samráðshópi karlkennara á leikskólastiginu. Síðan en ekki síst eru kjaraviðræður framundan, en kjarasamningar okkar renna út 31. maí næstkomandi.

Hvaða þekktu persónu hefðirðu viljað hafa sem kennara? Skólastjórinn væri sir Ken Robinson og helstu kennarar væru Jim Rohn og Tony Robbins. Ef allir fengju tækifæri til að kynnst þessum meisturum þá væri samfélagið betra.



Hvað finnst þér best í eigin fari? Ég fæ oft að heyra að ég sé rólegur að eðlisfari og er oftast nokkuð ánægður með það, en held að það geti þó líka verið minn helsti ókostur. Það má segja að þetta lundareinkenni hafi snúist algerlega við síðan ég var strákur.

Hvaða plata er helst á fóninum þessa dagana? Diskó Berlín með Nýdönsk hefur töluvert verið spiluð undanfarið. Svo hef ég líka hlustað mikið á snillinginn BB King – Live in Cook County Jail.

Í hvaða félögum og klúbbum ertu? Ég er í merkilegum klúbb sem ber nafnið FC 71 og er skipaður gömlum skólafélögum. Við hittumst reglulega og höfum gaman af. Ég er líka í öðrum góðum félagsskap en það er Golfklúbburinn Leynir hér á Akranesi.

Hvaða bók er á náttborðinu? Handbókin *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna* er lesin á hverjum degi.

Hvert var uppáhaldsfagið í skóla? Það er misjafnt eftir skólastigum. Í grunnskól-

anum voru það frímínútur og nestistím-inn. Rafmagnsfræðin var í uppáhaldi í framhaldsskólanum og sálfræðin í Kennaraháskólanum.

Hundur eða köttur? Það er hvorki hundur né köttur á heimilinu sem sýnir vald mitt heimafyrir.

Ef þú mættir taka íslensku þjóðina í eina kennslustund, hvað myndirðu kenna? Ég held það sé ekki spurning að sú kennslustund myndi fjalla fyrst og síðast um samskipti fólks.

Hver er uppáhaldsstjórnmalamaðurinn þinn? Jón Gnarr hefur verið í uppáhaldi í seinni tíð en heilt yfir hafa því miður fáir stjórnmalamenn náð að heilla mig.

Hverju deildirðu síðast á Facebook? Ég deildi síðast þessum status: „Til hamingju Skagamenn með ykkar flottu leikskóla...“ og með fylgdi frétt af Vísi sem bar fyrirsögnina: Mest ánægja með leikskóla á Akranesi.

Snjallsími eða spjallsími? Snjallsími - halló, 2015 var að hringja.